



■ JARÐARSKRÚÐI 100x85x45 sm. Eftir Anita Wahlén frá Svíþjóð.



■ TUNGL-SKINSNÓTT 185x175 sm. Eftir Ingunn Skagholt frá Noregi.




■ Skálin í forgrunni myndarinnar er eftir sænsku listakonuna Inu Palm. Teppin tvö á veggnum eru eftir íslensku listakonuna Ínu Salóme og súlan til vinstri eftir Lenka Janeson Dekar frá Svíþjóð. Teppið lengst til vinstri er eftir Per Petterson frá Svíþjóð.


arkitekt sem Listamiðstöðin í Sveaborg réði til að setja upp þríæringinn og fylgja honum um Norðurlöndin, því á hverjum stað eru aðstæður mismunandi og húsnæði og sýningarsalir ólík. Þetta segir Hannele Grönlund þegar spurt er í hverju starf hennar við þríæringinn sé fólgið. Hannele hefur einnig veg og vanda af ítarlegri sýningarskrá sem gefin er út í tengslum við sýninguna og útlit alls þess er að sýningunni lýtur fellur undir verksvið hennar. „Vegna þess hversu víða sýningin fer þá er nær ómögulegt að hanna hana fyrirfram nema að mjög litlu leyti," segir Hannele. „Áður en ég kom hingað var ég auðvitað búin að skoða verkin og ég hafði einnig grunnteikningarnar af Kjarvalsstöðum, en ég vissi ekki hvernig húsið liti út í rauninni. Veggir, hurðir, gluggar, lýsing og þess háttar voru hlutir sem ég vissi ekki um fyrr en ég kom á staðinn," bætir hún við. Hvort algengt sé að arkitektar sjái um uppsetningu sýninga í Finnlandi segir Hannele að slíkt tíðkist nokkuð og það sé reyndar nauðsynlegt þegar um jafn stóra farandsýningu er að ræða og veflistarþríæringinn, að ein manneskja fylgi sýningunni.

Veflist eða trefjalist

Það kemur fram í samtali við þær Guðrúnu, Önnu Þóru og Hannele að við val á verkum til sýningarinnar að þessu sinni hafi hvert verk verið vegið og metið á sínum eigin forsendum; sýningin er ekki byggð upp í kringum ákveðið þema né eru önnur sjónarmið látin ráða ferðinni. „Eina skilyrðið af hálfu dómnefndar var að verkin væru ekki eldri en tveggja ára gömul," segir Guðrún. Fyrir vikið eru verkin afskaplega ólík innbyrðis og efnistök listamannanna margs konar en um leið gefur sýningin mjög greinargóða mynd af því sem er að gerast í veflistinni á Norðurlöndum um þessar mundir. Sum verkin eru reyndar þess eðlis að vandséð er hvort skilgreina á þau sem veflist, frekar en t.d. málverk eða skúlptúra. Slík skilgreining skiptir kannski ekki meginmáli, en hefur samt valdið þeim vanda að orðið VEFLIST nær tæpast lengur utan um listgreinina að sögn þeirra Guðrúnar og Önnu Þóru. Guðrún segir að samnefnarann í verkunum á þessari sýningu sé að finna í öðrum en vefnum því sum verkanna eru hvorki ofin né þrykkt heldur límd með pappír og ýmsum efnum og máluð með akrýl. Til að mæta þessum hræringum í listgreininni hafa menn reynt að finna henni nýtt heiti og enskumælandi listamenn hafa dottið niður á orðið FIBER ART sem vísar til þeirra þráða eða trefja sem listamaðurinn notar. „En þá getur verið um stálþráð að ræða ekki síður en hör eða band," bætir Anna Þóra við.



■ SKRIFAÐ Á VEGGINN 270x160 sm. Eftir Gudrun Pagter frá Danmörku.



■ HVÍTT 60x60x50 sm. Eftir Annaliisa Troberg frá Finnlandi.

Karlmenn ekki síður en konur

Þegar þær eru spurðar hvort textíll sé kvennalistgrein og hvort öll verkin á sýningunni séu eftir konur segja þær að þetta sé spurning sem lögð hafi verið fyrir þær oft á ári í mörg ár. En engu að síður eru nær öll verkin á þríæringnum eftir konur þó Guðrún vilji undirstrika að karlmenn eigi þar einnig verk. „Á Norðurlöndunum hefur þetta verið kvennagrein og á rætur sínar í kvennahreyfingunum upp úr 1970. En annars staðar í heiminum t.d. í Japan sem stendur mjög framarlega eru karlmenn ekki síður en konur að vinna í textíl," segir Anna Þóra.

Veflistarþríæringnum er ætlað að sýna þverskurð af því helsta sem er að gerast í þessari listgrein á Norðurlöndum. Lokaspurningin til Guðrúnar og Önnu Þóru er hvað megi lesa út úr þessari sýningu? Er um greinilega breytingu að ræða frá síðasta þríæringi 1986, eða er verið að spila á svipuðum nótum?

„Það er svolítið erfitt að svara þessu því dómnefndin fékk 600 verk til skoðunar og valdi aðeins 81 verk úr þeim fjölda. Þess vegna getur verið að ýmislegt sé að gerast sem við ekki sjáum á þessari sýningu," segir Anna Þóra. „Samsetningin er svipuð en þó virðast verkin orðin einfaldari frá því sem var 1986," bætir hún við. Guðrún segir að sér virðist sem minna fari fyrir ofnum teppum á þessari sýningu. „Þau eru kannski ekki færri en þau eru ekki eins áberandi," segir Guðrún.

Veflistarþríæringurinn opnar sem áður sagði næstkomandi laugardag og stendur til 22. janúar. Rétt er að vekja athygli á breyttum opnunartíma Kjarvalsstaða en frá áramótum er opið alla daga frá klukkan 11-18 en auk þess er hægt að fá opnað fyrir hópa utan þess tíma eftir nánara samkomulagi.

H. Sig.